

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Sveinsson

Reyni í Mýrdal,
til heimilis að Klausturhólum
Kirkjubæjarklaustri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi, laugardaginn 1. júlí sl.
Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal
laugardaginn 8. júlí kl. 14.00.

Erla Pálsdóttir

Páll Jónsson

Margrét Jónsdóttir

Sigurlaug Jónsdóttir

Sveinn Jónsson

Jónatan G. Jónsson

Guðrún Jónsdóttir

Einar Jónsson

Guðbjörg Jónsdóttir

Barnabörn og barnabarnabörn

M. Sigríður Jakobsdóttir

Sigurjón Árnason

Ólafur Helgason

Jóna Svava Karlsdóttir

Valgerður Guðjónsdóttir

Jón E. Einarsson

Ágústa Bárðardóttir

Auglýsendur VITANS vinsaml. athugið

Útgáfa Vitans fellur niður næstu viku, þ.e. 13. júlí 2017

Kemur næst út 20. júlí

Með kveðju, útg.

27. TBL. 22. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 6. JÚLÍ 2017

Ræsting salernisaðstöðu á Dyrhólaey, Mýrdalshreppi

Umhverfisstofnun leitar að verktaka til að sjá um þrif á almenningssalernum á Dyrhólaey. Megin verkefni verktaka er að sjá um almenn þrif á salerninu í samræmi við verklýsingu sem Umhverfisstofnun hefur útbúið.

Um er að ræða almenna umsjón með þrifum á salernishúsi sem skal þrifið einu sinni á dag allt árið og tvisvar á dag frá 1. maí - 30. september.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Hákon Ásgeirsson
í síma 591-2000 og á hakon@ust.is

Tilboðsfrestur er til og með 14. júlí 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is merktar "*Tilboð í ræstingu salernisaðstöðu á Dyrhólaey*".

Sjá nánari upplýsingar um Umhverfisstofnun á umhverfisstofnun.is



Mýrdalshreppur

Auglýsing

Vegna sumarleyfa starfsfólks verður skrifstofa Mýrdalshrepps lokuð frá 10. til og með 21. júlí 2017. Þoli mál ekki bið verður hægt að ná í sveitarstjóra í síma 898-3340.

Sveitarstjóri.

Æfisaga (þula)

Sat ég og söng
um dægrið löng-
dægrið björt og löng;
en úti streymdi
lækurinn litli
létt hann tylti
fæti á flatan stein
-inni sat ég ein
drauma mína dreymdi.
Úti standa blómin og bíða
bala skrúða
hól og heyjavöll-
dreyja eiga þau öll.
Ekki vil ég, ekki vil ég bíða,
áfram skal líða
veginn vinda fríða.

Opin stendur hurðin á hamrinum
huldurmeyjan grætur
bæði daga og nætur,
huggast ekki lætur-
harmurinn á djúpar rætur.
„Einum unni hún manninum
meðan það var ...,
en það fór þar." -
Hættu að gráta meyjan mær
þá máttu heyra
hlæja þér í eyra
alheiminum og meira
-eilífið færast alltaf nær.

Ekki skalt þú ást þína gráta
ei mun hún láta
auðn í þínu hjarta
-ástin bjarta-
Opna það, um því að sjá
sól að sjá-
sól í sálu má!
Meyjan mær,
móðir jörð hlær
gleði hörpu slær.
Nú kvaddi sólin skær,
svefn þér verði vær,
góða nótt!

Heim sný ég fljótt
hugurinn um heimana flýgur
nálin stígur
ótt og fljótt sín spor
sumar, vetur, haust og vor.
Hver vill með mér sita og sauma
syngja og dreyma
bjarta sumar drauma?
Vel hefi ég æfinni unað,
alltaf þó munað-
alltaf þó ást mína munað.

Ljóð höfundar – Guðrún Björnsdóttir

Auglýsendur VITANS athugið

Útgáfa Vitans fellur niður næstu viku, þ.e. 13. júlí 2017

Kemur næst út 20. júlí.

Með kveðju, útg.

SÓLGLER FYLGJA MEÐ

Sólgler með styrkleika
fylgja með keyptum
gleraugum

Sjónmælingar
á staðnum



GLERAUGNA
GALLERÍ

Eyravegi 7 ■ 800 Selfoss ■ Sími 482 1144
info@gleraugnagalleri.is ■ gleraugnagalleri.is
Erum líka á Facebook: gleraugnagalleri

Við eltum sumarið

Prestsbakkakirkja - sunnudagur 9. júlí 2017 kl. 16:00

Söngstund Gleðisveitarinnar verður í Prestsbakkakirkju,
sunnudaginn 9. júlí nk.

Á efnisskránni eru vor- og sumarlög sem orðið hafa til
eftir ferðir um Suðurland undanfarin ár.

Lög og textar eru flest eftir meðlimi Gleðisveitarinnar, en tveir textar á efnis-
skránni (Gunnarshólmi og Vorvísa) eru eftir Jónas Hallgrímsson og lag við
Vorvísu er eftir Atla Heimi Sveinsson.

Söngstundin hefst kl. 16:00.

Aðgangur er ókeypis.



Hjúkrunar- og dvalarheimilið

Klausturhólar Kirkjubæjarklaustri

auglýsir eftir starfsmanni í eldhúsið.

Um framtíðarstarf er að ræða. Getur byrjað strax eða eftir samkomulagi.

Allar upplýsingar eru best veittar í gegnum síma,
á staðnum eða í gegnum e-meil.

Áhugasamir hafið endilega samband í síma 4874870 og 8986544 og
einnig í e-meili klausturholar@klaustur.is.

Heyrumst hress. Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri
og Margrét Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur

Hestaping Hestamannafélagsins Kóps

verður haldið 22. júlí nk. á Sólvöllum í Landbroti.

Mótið er opið í gæðingaflokkum, tölti og kappreiðum.

Kept verður í eftirfarandi ef næg þátttaka fæst:
Polla- barna- unglinga- og ungmennafél. A,B og C fl. gæðinga.

Tölti T1 og T7.

100 m. flugskeiði, 150 m. skeiði, 300 m. brokki og 300 m. stökki.

Skráningargjöld í ungmenna- A-B-C fl.
og tölt er kr. 3000.- og kr. 1500.- í 100m. skeið.

Engin skráningargjöld eru í kappreiðar, polla, barna og unglingafél. Skráningargjöld greiðist inn á reikn. **0317-26- 3478 kt: 440479-0579.**

Kvittun sendist á **netfangið hmf.kopur@gmail.com**

Skráning telst ekki gild fyrir en greiðsla hefur borist.

Skráning er á heimasíðu Kóps, www.hmfkopur.123.is (Skráningarvefur hægramegin á síðunni) **og henni lýkur kl.23:59 miðvikudagskvöldið 19. júlí.**

Ef vandamál koma upp við skráningu
er hægt að hafa samband við Pálinu Pálsdóttir í síma 867-4919.

Óski einhver eftir að skrá í kappreiðar á staðnum, þarf að hafa á reiðum höndum **IS númer hestsins og kennitölu knapa.**

Dagskrá og ráslistar birt á heimasíðu Kóps www.hmfkopur.123.is
eftir að skráningu lýkur.

Stjórn og mótanefnd Kóps

Skaftárhreppur



Laus er til umsóknar staða slökkviliðsstjóra í Skaftárhreppi.
Um er að ræða 8,33% starfshlutfall.

Leitað er af drífandi einstaklingi með mikið frumkvæði.

Starfssvið

- *Yfirumsjón með rekstri og viðhaldi tækja og búnaðar slökkviliðs
- * Eldvarnareftirlit
- * Umsjón með útkallslista slökkviliðs

Menntunar- og hæfniskröfur

- * Meirapróf
- * Háskólapróf er kostur
- * Reynsla af mannaforráðum kostur
- * Lipurð í mannlegum samskiptum

Laun eru greidd skv. kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júlí n.k.

Nánari upplýsingar og umsóknir berist á sveitarstjori@klaustur.is

Aðalsafnaðarfundur Reynissóknar

Verður haldin að Reyni fimmtudaginn 13. júlí kl 20:30

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Sóknarnefnd.